

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um þriðju breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009,

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770.

Með heimild í IV. ákvæði til bráðabirgða laga nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.).

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 5. apríl 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Ekki hafði reynst mögulegt að ljúka yfirfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um væri að ræða flókið verkefni sem væri tímafrekara en ætlað var. Mikilvægt væri að vel tækist til og eðlilegt samráð væri haft við hlutaðeigandi aðila. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímarest til að ljúka yfirfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Þar sem enn eru tæknileg vandkvæði til staðar telur Fjármálaeftirlitið þörf á frekari framlengingu. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 2. ml. 7. tl. fyrri ákvörðunar.


ÁKVÖRÐUN:

Stofnun dótturfélags, yfirfærslu eigna og útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal fara fram eigi síðar en kl. 12.00 föstudaginn 29. maí 2009.

Önnur ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

25. maí 2009



Gunnar P. Andersen
Forstjóri



Ragnar Hafliðason
Aðstoðarforstjóri